



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Ösp

2019 – 2020



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra mat.....	5
2.1.1 Skýjaland.....	5
2.1.2 Regnbogaland.....	8
2.1.3 Stjörnuland.....	12
3 Ytra mat.....	15
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	19
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	20
6 Foreldrasamvinna.....	23
7 skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	26
8 Fylgigögn.....	26
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	26
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	26
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....	26
8.4 Fylgiskjal 4 - Leikskóladagatal.....	26



## Leiðarljós leikskólans:

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn 2018- 2019 var áframhaldandi samvinna um Okkar Máls verkefnið og þau verkefni sem byrjað var á veturinn 2017 -2018. Áfram var mikil samvinna á milli leikskólanna Holts og Aspar. Sótt var um styrk frá Sprotasjóði sem fékkst til að halda áfram að þróa leiklistarverkefni sem fólst í því að innleiða leiklistartengdar kennsluaðferðir fyrir ung börn. Verkefnið var leitt af Ásu Helgu Ragnarsdóttur aðjúnkt í kennslufræði í leiklist og Hafdís Guðjónsdóttur prófessor í kennslufræði og sérkennslufræðum. Verkefnið var á tveimur elstu deildunum, Regnbogalandi og Stjörnulandi. Haldið var áfram að þróa leiklistartengdar kennsluaðferðir með handleiðslu Ásu Helgu Ragnarsdóttir og héldu deildarstjórnir utan um verkefnið.

Talmeinafræðinga verkefnið hélt áfram í samvinnu við Bryndísi Guðmundsdóttir talmeinafræðing og Tinnu Sigurðardóttir talmeinafræðing hjá Tröppu. Aftur var blásið til foreldrafundar að hausti þar sem verkefnið var kynnt og foreldrar fengnir með til samstarfs í verkefninu og hvattir til dáða sem mikilvægustu málfyrirmyndir barna sinna.

Frá hausti voru settar upp þriggja vikna áætlanir út frá bæði hópum og einstaklingum. Bryndís og Tinna komu inn í Ösp þar sem þær unnu með börnum og starfsfólki að skipulögðum verkefnum og veittu ráðgjöf. Einnig hefur talmeinafræðingur frá Tröppu komið vikulega og tekið börn í talþjálfun sem uppfylla skilyrði sjúkratrygginga fyrir talþjálfun. Fengu þau börn því talþjálfun inn í Ösp.

Meginþættir og markmið þessara áætlana eru að vinna með orðaforða, grunnhugtök, máhljóð, hljóðkerfisvitund, málskilning – máltjáningu og stærðfræðigrunn. Unnið er á fjölbreyttan hátt að þessum markmiðum í gegnum skipulagðar stundir, spil og í daglegum leik og samskiptum. Mikil áhersla er lögð á að hafa þemun og áætlanirnar sýnilegar og einnig er áhersla lögð á að fá foreldra í samvinnu við okkur til að leggja inn orðaforða heima á sínu tungumáli. Markmiðin og áætlanirnar eru sýnilegar uppi á hverri deild. Ákveðið hefur verið að halda áfram samstarfinu við Bryndísi og Tinnu og þær munu þær koma einu sinni í viku



inn í Ösp og vera á gólfinu með starfsfólki í málörvunar hringekju. Talmeinafræðingur frá Tröppu mun einnig halda áfram að koma einu sinni í viku og taka börn í talþjálfun.

Haust 2019 verður haldið af stað í spennandi vegferð við að innleiða fyrsta hluta menntastefnunnar. Faghópur innan leikskólans taldi að vinna með félagsfærni væri það mikilvægasta sem við þyrftum að takast á við í dag. Leit hann svo á að þessi vinna myndi styrkja barnahópin og efla kennarana í að takast á við mismunandi aðstæður. Þessi tillaga var borin undir starfsfólk á deildarfundum og voru allir tilbúnir að leggja af stað í þessa spennandi vegferð. Með því að efla félagsfærni teljum við okkur vera að stuðla að því og veita börnum í fjölmenningslegu og margbreytilegu skólaumhverfi jöfn tækifæri til að láta drauma sína rætast og verða virkir þátttakendur í samfélaginu sem þau alast upp í.

Áhersla verður lögð á að meta verkefnið jafnt og þétt yfir veturinn. Matið felst að hluta til í að hitta Vöndu Sigurgeirsdóttur, lektor í tómsunda og félagsmálafræði, jafnt og þétt yfir veturinn, þar sem hún fer yfir með starfsfólkinu hvernig það hefur gengið að innleiða verkefnið í barnahópnum.

Deildarstjórar halda utan um skráningu á matinu á sinni deild. Einnig er mikilvægt að gera mat hjá elstu tveimur barna hópnum í leikskólanum í gegnum viðtöl við þau og skráningar í hópavinnu. Einnig verður send út könnun til foreldra hvernig upplifun þeirra er að verkefninu.

Ösp hefur ákveðið að sækja um til NýMið um að fá að fóstta tæknikistu í leikskólanum Ösp. Okkur finnst það passa vel við þá vinnu sem við höfum verið í með spjaldtölvum og skemmtileg viðbót við það.



## 2 Innra mat.

### 2.1.1 Skýjaland.

Haustið fór mjög vel af stað, Við tókum aðlögun í tveimur hollum og gekk hún mjög vel. Öll börn á deildinni voru fædd 2016 fyrir utan eitt barn sem er fætt 2017. Næsta haust verða tveir árgangar á deildinni, börn fædd 2017 og 18. Tvö yngstu börnin verða eftir á deildinni og öll yngri koma ný inn.

Málörvun og læsi fléttast inn í allt starfið og við héldum áfram að vinna eftir áætlunum talmeinafræðinganna, Bryndísi og Tinnu. Fyrir utan skipulagðar málörvunarstundir lögðum við áherslu á að setja orð á allar athafnir og nýttum hvert tækifæri til þess.

Heilbrigði og vellíðan, tannverndarverkefnið, er alltaf við lýði og burstum við tennurnar á hverjum degi og erum í miklu samstarfi við tannlækninn sem kemur og skoðar þegar við óskum eftir því – við gerðum mikið af því í að leiðbeina foreldrum hvert þau geta sótt tannlæknaþjónustu. Bætt var við vatnsbrúsum á deildina fyrir hvert barn og aðgengi að þeim gert betra. Við fórum út á hverjum degi þegar veður leyfði. Eftir áramót áttu að vera skipulagðar gönguferðir en við náðum ekki að manna það vegna langtíma veikinda sem urðu eftir áramót.

Í vetur var unnið markvisst með könnunarleik, skynörvun, málörvun og hópastarf og fóru börnin á milli í hópastarfi. Erfiðlega gekk að festa listina inn í hópastarfið í vetur og ætlum við að vinna að því næsta vetur að festa sköpun betur inn og ferilmöppunnar líka sem við byrjuðum lítilega á síðasta vetur.

Síðasta vetur var í matinu að bæta samveru. Náðust þær breytingar sem ákveðið var að gera. Ákveðið var að taka út dagskipulagið og settum við inn Lubba lögin og lögðum áherslu á að börnin lærðu nöfnin sín og hinna barnanna á deildinni. Í seinni samveru fyrir hádegismat var markvisst unnið með hreyfingar og söng. Næsta vetur ætlum við að bæta enn við bókalestur sem við unnum með í vetur en viljum gera markvissari næsta vetur.

Hreyfistundir síðasta veturs voru ekki nægilega markvissar. Það viljum við bæta og erum að gera betri áætlun fyrir hverja hreyfistund. T.a.m. ætlum við að gera spjöld fyrir fjögurra vikna prógram sem hægt er að rúlla markvisst yfir veturinn.



Deildarfundir voru skipulagðir á plani fyrir veturinn einu sinni í mánuði og framan af vetri gekk það vel en eftir áramót tókst ekki að fara eftir planinu vegna langtíma veikinda. Okkar mat er að nauðsynlegt er að hafa þessa fundi og myndum við frekar vilja fá þá eftir vinnu ef kostur er, heldur en að sleppa þeim.

Menntastefnan. Næsta vetur verður innleiddur fyrsti hluti af menntastefnu borgarinnar og ákváðum við í Ösp að taka fyrir félagsfærni. Á Skýjalandi ætlum við að vinna með Blæ bangsa fyrir yngsta aldurstigið, öll börn á deildinni fá bangsa sem þau fá að hafa í leikskólanum og verður hann aðgengilegur á öllum deildum. Farið verður í félagsfærni sögur og verkefni sem henta yngsta aldursbilinu. Það verður líka kynning fyrir foreldra á námsefninu Blær bangsi og farið yfir mikilvægi þess að byrja strax að vinna með félagsfærni og því hvernig við eigum í samskiptum við aðra.

Umbótaþættir Skyjaland	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Auka lestur bóka	Setja fast inn tvisvar í viku í samveru	Setja inn í samveruplan á dagskipulag. T.d lesa Mímí bók í dag í samveru	Byrjun september 2019	Deildarstjóri / starfsfólk deildar	Meta á deildarfundum jafnt og þétt yfir veturinn- t.d hvernig henta bækurnar sem við erum að velja	Meta fyrir og eftir áramót í skipulögðu deildarmati.



List – sköpun og ferilmöppur.	Hver hópur fer einu sinni í skipulagðar stundir. Ferilmappa þrjár skráningar ákveðnar fyrir og eftir áramót.	Festa list í hópastarfi. Fyrir fram ákveðnar skráningar á verkefnum.	Byrjun september	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir.	Meta á deildarfundum – myndir af skráningu.	Fleiri listaverkefni eftir börnin sett upp á deild eða í skúffuna.
Hreyfistundir	Hver hópur fer einu sinni í skipulagða hreyfistund	Setja á dagskipulagsplan	Byrjun september og allur veturinn	Deildastjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk framkvæmir	Meta á deildarfundum	Taka myndir og gera skráningar. Setja hreyfingu markvisst inn í starfið
Félagsfærni	Auka jákvæð samskipti allra barna á deildinni	Vinna með Blæ bangsa og þematengd verkefni upp úr Blæ, sem er lykilinn að samvinnu	Byrjun sept og allur veturinn	Deildarstjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk framkvæmir	Meta á deildarfundum og með börnunum t.d einfaldar spurningar	Markmið að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á börnin og hafi róandi áhrif á deildina og verði til þess að í framtíðinni verði þau lausnarmiðuð í samskiptum sínum



### 2.1.2 Regnbogaland

Haustið fór vel af stað, tveir árgangar voru á deildinni, 2014 og 2015. Aðlögun á milli deilda gekk vel og komu tvö börn ný inn um haustið. Deildarstjóra skipti urðu um haustið á deildinni og Þuríður aðstoðarleikskólastjóri tók við þar sem ekki fékkst hæfur umsækjandi, hún var á deildinni fyrir hádegi. Í febrúar kom svo hún Ása deildarstjóri aftur til starfa og tók við deildinni aftur eftir smá fjarveru. Eitt barn var á deildinni með 5 tíma stuðning og nokkrir á yngri deildinni þurftu auka málörvun og myndrænt dagskipulag. Veturinn gekk vel og haldið var áfram að vinna með hópastarfið eftir áætlunum frá Bryndísi og Tinnu talmeinafræðingum. Um haustið settum við upp mikið af myndrænu skipulagi á deildinni vegna þess hversu mislangt börnin voru komin í íslensku. Samveran var stytta á morgnana og unnið var eftir leiðbeiningum frá Kristínu sálfræðing á PMB og samveran sett upp myndræn og alltaf höfð eins og tók ekki lengur en 15 mínútur, sætin voru merkt fyrir hvert barn. Bætt var inn í samveruna að velja aðstoðarmann á deildinni sem hjálpaði til að leggja á borð og sækja matinn, einnig var valinn teljari sem taldi hvað mörg börn voru mætt hverju sinni. Þessi hlutverk sköpuðu mikla lukku og voru myndræn. Þegar líða tók á haustið var ákveðið, eftir að metið hafði verið á deildarfundum að getuskipta hópunum í málörvun, stokkað var upp og farið var eftir því hversu langt börnin voru komin í íslensku.

Samverunni fyrir hádegi var svo breytt á deildinni. Börnin fóru í þrjá litla hópa og lítil málörvunarstund var í hverjum hóp, t.a.m. Lubbi, bókalestur og málörvunarleikir. Þetta tókst mjög vel og mikil ánægja var hjá starfsfólki með þetta fyrirkomulag.

Eftir hádegismat voru settar upp skipulagðar leikstundir fyrir útiveru í hringekju formi, skipt var í litla hópa og notaður myndrænn tímavaki. Þetta gekk mjög vel, börnin lærðu fljótt á hvernig hringekjan og tímavakinn virkaði.

Málörvunar áætlanirnar fléttuðust inn í starfið og keyptur var efniviður í frjálsa leikinn sem hægt var að tengja inn í orðflokka vinnuna, einnig bjuggum við til þema kassa til að hafa inn í frjálsa leiknum.

Efi- 2 var tekið á öllum börnum á deildinni, sérkennslustjóri framkvæmdi það og sett var upp vinnuáætlun til að nýta inni í málörvunarstundum og samveru.





Tekið var upp val eftir kaffitíma og kom það í staðinn fyrir svæðisflæði. Í valinu voru myndir af því sem var í boði og settu börnin myndir af sér á svæðið sem þau völdu. Passað var uppá að hafa alltaf nóg í boði til þess að allir gætu valið við sitt hæfi. Myndirnar nota þau einnig til að merkja sig inn og út úr leikskólanum og er með nafninu þeirra á og styður þau við læsið og læra þau einnig að þekkja nöfnin á hinum börnunum. Ánægja var með þessar breytingar og börnin máttu svo skipta um svæði ef losnaði. Þetta var mjög skýrt og myndrænt sett upp og hentaði vel okkar börnum .

Í umbótaþáttunum í síðustu námskrá var stefnt að því að bæta foreldrasamstarf og tengjast betur í gegnum heimasíðuna, vera dugleg að setja upp vikulegar fréttir og setja allar áætlanir þangað inn sem hengdar eru upp á deild. Því miður tókst það ekki vegna þess að heimasíðan tafðist í vinnslu og er ekki alveg tilbúin. Þetta fer því aftur í vetur inn í umbótaþætti og áætlað að bæta úr því þá. En upplýsinga vegurinn var vel nýttur inn í fataklefa og allar áætlanir og upplýsingar settar upp þar.

Í umbótaþættinum var einnig lögð áhersla á að bæta spilastundir og fóru spilahóparnir inn í valið eftir kaffitíma.

Ávaxta og grænmetis stundirnar voru settar inn á dagskipulag og því voru þær skipulagðari og gleymdust ekki.

Starfsmenn tóku sig á að ræða við alla foreldra í fataklefanum, en stundum gefst ekki tími til þess vegna hversu mörg börn eru í byrjun dag og seinni part. En passað er upp á að bjóða öllum góðan daginn og taka vel á móti öllum og reyna að ræða við foreldra ef tækifæri gafst. Minnt var á viðburði sem framundan voru og það gekk vel.

Tannverndarverkefni hélt áfram eins og undanfarin ár og gekk það allt samkvæmt áætlun. Börnin fengu hvert og eitt sinn brúsa til að auka vatnsdrykkju og hreinlæti.

Deildarfundir voru skipulagðir einu sinni í mánuði. Það var eins á Regnbogalandi og á hinum deildunum að það var erfitt að halda þá reglulega vegna langtíma og skammtíma veikinda. Áfram verður haldið með áætlunina næsta vetur og vonandi gengur betur að hafa þá reglulega þar sem allir eru sammála hversu mikilvægir þeir eru.



Næsta vetur verður byrjað að innleiða fyrsta hluta menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ fyrsti hlutinn sem innleiddur verður er félagsfærni. Á Regnbogalandi ætlum við að vinna með Blæ bangsa fyrir okkar aldurstig. Öll börn á deildinni fá bangsa sem þau fá að hafa í leikskólanum og verður hann aðgengilegur á deildinni. Farið verður í félagsfærnisögur og verkefni sem henta okkar börnum. Það verður líka kynning fyrir foreldra á námsefninu Blær bangsi og farið yfir mikilvægi þess að vinna með félagsfærni og því hvernig við eigum í samskiptum við aðra.

Umbótaþættir Regnbogaland	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Auka lestur bóka	Vera með bækur í samræmi við orðflokka og hafa skipulagt hvenær er lesið	Hafa efnið tilbúið í samverukörf unni	Byrjun september 2019– maí 2020	Allt starfsfólk deildarinnar	Jafnt og þétt yfir veturinn á deildarfundu m og lát börnin meta	Að það sé friður og ró í samveru og börnin njóti þessara stunda saman með kennurunum sínunum
	Hver hópur fer í skipulagðar	Festa list í hópastarfi.	Byrjun september	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt	Meta á deildarfundu	Fleiri listaverkefni



List – sköpun og ferilmöppur.	stundir. Ferilmappa, þrjár skráningar ákveðnar fyrir og eftir áramót	Fyrir fram ákveðnar skráningar á verkefnum.	2019– maí 2020		m – myndir af skráningu – skráningar í ferilmöppu .	eftir börnin sett upp á deild eða í skúffuna.
Hreyfistundir	Hver hópur fer í skipulagða hreyfistund	Setja á dagskipulags-plan deildarinnar	Byrjun september og allur veturinn	Deildastjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk framkvæmir	Meta á deildarfundu m og gera skráningu með börnunum.	Taka myndir og gera skráningar. Setja hreyfingu markvisst inn í starfið
Félagfærni og samskipti	Auka jákvæð samskipti allra barna á deildinni	Vinna með Blæ bangsa og þematengd verkefni upp úr Blæ sem er lykilinn að samvinnu	Byrjun sept og allur veturinn	Deildastjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk framkvæmir	Meta á deildarfundu m og með börnunum t.d einfaldar spurningar	Markmið að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á börnin og hafi róandi áhrif á deildina og verði til þess að í framtíðinni verði þau lausnarmiðuð í samskiptum sínum



### 2.1.3 Stjörnuland.

Veturinn 2018 -2019 voru 16 börn á deildinni öll fædd 2014. Eitt barn var með fullan stuðning og fleiri sem þurftu aðstoð af ýmsum ástæðum. Veturinn fór vel af stað en þegar líða fór á veturinn hallaði aðeins undan fæti vegna langtíma veikinda sem urðu á deildinni og hópastarfið fór því aðeins úr skorðum og vegna þess þurfti að færa börn og starfsfólk til um hópa yfir veturinn sem olli stundum óþægindum og kom róti á hópinn. En þrátt fyrir það náðist að halda hópastarfinu yfir veturinn. Orðflokka vinna gekk vel þrátt fyrir undirmönnun á tímabili á deildinni náðum við nokkurn vegin að vinna eftir áætlun og því sem við ætluðum okkur.

Tekið var upp val eftir kaffitíma og kom það í staðinn fyrir svæðisflæði. Í valinu var notað sjónrænt skipulag sem gekk vel og það var tengt við læsi þar sem börnin völdu með myndum sem þau notuðu einnig til að merkja sig inn og út úr leikskólanum. Börnin höfðu gaman af því að fylgjast með hverjir væru í skólanum. Valið gekk vel og var metið yfir veturinn og unnið var að þeim umbótum sem þurfti að gera og stefnt að því að halda því áfram næsta vetur.

Samstarfsverkefni við ÍR hélt áfram og fóru börnin einu sinni í viku í íþróttir í Fellaskóla undir leiðsögn þjálfara frá ÍR. Tímarnir voru skipulagðir og settir upp sem leikir og stöðvar. Mikil ánægja var á meðal barna og starfsfólks með þetta verkefni. Unnið er að því að halda þessu samstarfsverkefni áfram. Tannverndarverkefni hélt áfram eins og undanfarin ár og gekk það allt samkvæmt áætlun. Börnin fengu hvert og eitt sinn brúsa til að auka vatnsdrykkju og hreinlæti.

Seinnipart árs 2018 var orðið vart við samskiptavandamál á deildinni milli barnanna og einnig höfðu foreldrar haft orð á því. Í janúarbyrjun var haldinn foreldrafundur með foreldrum elstu deildarinnar þar sem var farið yfir stöðu mála og verkefnið Blær Bangsi kynnt til sögunnar. Unnið var svo markvisst með það verkefni inn á elstu deildinni í vetur og áætlað er að taka Blæ Bangsa inni á öllum deildum næsta vetur.

Vel tókst að vinna með spjaldtölvur inni á deild og það sem við stefndum á að gera á deildinni gekk eftir og börnin voru dugleg að fylgja eftir reglunum sem settar voru í umgengni



með spjalddölvuna. Því miður var hún Rakel ekki eins mikið inni hjá okkur og áætlað var vegna anna sem komu óvænt uppá hjá henni.

Unnið var í vetur að bæta í samverustundum það sem þurfti að laga þar. Sætin voru merkt fyrir alla, skýrt var hvað væri í hverri samverustund og þær gerðar markvissari. Það sem bættist inn var aðstoðarmaður, veðurfræðingur, bókavörður og klefavörður, það tókst mjög vel og var skipulega unnið. Fest var að í samverustund fyrir hádegismat var alltaf lesin bók. Bætt var inn þriðju samverustund fyrir kaffitíma og þar voru leikir og verkefni upp úr markvissri málörvun.

Við tókum þátt í opnun Barnamenningarhátíðar eins og undanfarin ár, lögin voru krefjandi en allt small að lokun. Elstu börnin voru svo með sameiginlegt listaverk til sýnis í Gerðubergi sem þau sköpuðu í tengslum við lag úr opunarhátíðinni.

Áætlað er fyrir næsta vetur að vinna markvissara í ferilmöppum og skrásetja 3 viðburði/verk fyrir og eftir áramót. Einnig að setja markvissari listsköpun inn í starfið.

Næsta vetur mun leikskólinn hefja innleiðingu nýrra menntastefnu „Látum draumana rætast“. Ákveðið hefur verið að byrja á félagsfærni, samfélagsleg ábyrgð og virkni. Allar deildir á leikskólanum munu taka þátt í innleiðingunni sem verður unnin í samstarfi við KVAN. Áherslan verður á jákvæð samskipti og að börnin geti unnið saman. Læri að setja sig í spor annara og beri virðingu fyrir öðrum.

Umbótaþættir Stjörnuland	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að



Samverustund						meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Falda áfram að þróa þær og passa upp á að hafa þær fjölbreyttar og skemmtilegar	Hafa efnið tilbúið í samverukörf unni	Byrjun september 2019– maí 2020	Allt starfsfólk deildarinnar	Jafnt og þétt yfir veturinn á deildarfundum og láta börnin meta	Að það sé friður og ró í samveru og börnin njóti þessara stunda saman með kennurunum sínum
List – sköpun og ferilmöppur.						
	Hver hópur fer einu sinni í skipulagðar stundir. Ferilmappa þrjár skráningar ákveðnar fyrir og eftir áramót.	Festa list í hópastarfi. Fyrir fram ákveðnar skráningar á verkefnum.	Byrjun september 2019– maí 2020	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir.	Meta á deildarfundum – myndir af skráningu – skráningar í ferilmöppu .	Fleiri listaverkefni eftir börnin sett upp á deild eða í skúffuna.
Félagfærni og samskipti						
	Að börnin náí betri færni í samskiptum	Blær bangsi og verkfærakistan í samvinnu við KVAN	Byrjun september 2019– maí 2020	Deildarstjóri og allt starfsfólk á deildinni og börn	Kvöldfundir með Kvan og deildarfundir og foreldrakönnun	Markmið að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á starfið og efla börnin í samskiptum og leita lausna þegar upp kemur ágreiningur. Hjálpa þeim að verða öruggari með sjálf sig.



### 3 Ytra mat

Það var framkvæmd viðhorfskönnun starfsmanna frá borginni sem starfsfólk svaraði í janúar og byrjun febrúar. Könnunin kom ágætlega út en það sem við þurfum að stefna á að bæta næsta vetur er álag í starfi og vinnuaðstaða. Allt það sem fram kom í könnuninni fara stjórnendur yfir og reyna að rýna til gagns svo hægt verði að bæta og hlúa sem best að starfsfólki.

- Styrkleiki hér er að almennt séð er góður andi í húsinu og fólki gengur vel að vinna saman. Sami starfsmanna hópurinn er búinn að vera lengi og stöðugleiki í starfsmannahaldi.
- Síðasta vetur glímdum við langtímaveikindi hjá starfsfólki sem er því miður erfitt að eiga við. Stjórnendur fundu fyrir því að starfsfólk upplifði álag. Það sem við lærðum af þessu er að skerpa á starfslýsingum og gera þær skýrari. Ef langtímaveikindi eru inn á deildum þarf að meta með deildinni hvort að einhver verkefni þurfi að fara á tímabundna bið á meðan að starfsfólk er frá. Einfalda tímabundið dagskipulag og hafa skýr verkaskipti. Reyna eftir fremsta megni að halda inni deildarfundunum þó að það vanti starfsfólk til að starfsfólk hafi vettvang til að fara yfir deildina og meta stöðuna hverju sinni.
- Alltaf er verið að vinna að úrbótum varðandi vinnuaðstöðu. Keyptir hafa verið vinnustólar til að auðvelda vinnu. Áætlað er að kaupa nýja stóla inn til að hafa við matarborð. Gera þarf áætlanir fyrir þjálfun barna og hafa uppi alls staðar svo allir séu meðvitaðir um hvaða rými eru í notkun hverju sinni. Skipuleggja á starfsdegi námskeið frá vinnuvernd um hvernig hægt sé að draga úr streitu á vinnustað og í einkalífinu.

Einnig var gerð foreldrakönnun á vormánuðum og kom könnunin vel út. Við munum við taka þá þætti sem þarf að bæta til skoðunar og rýna í þá til að gera úrbætur og starfið enn þá betra og markvissara.

- Foreldrar eru almennt ánægðir og telja að barninu sínu líði vel í leikskólanum, það sé öruggt og andrúmsloftið sé vinalegt. Flestir eru ánægðir með stjórnendurna og telja að skólanum sé vel stjórnað.



- Þar sem við sjáum tækifæri til umbóta er að hvetja foreldra meira til að taka þátt í starfinu t.d með að hafa einu sinni á hausti og vori opna viku sem hægt er að kíkja við og taka þátt í starfinu með börnunum.
- Koma ábendingum á framfæri – gera rafræna könnun frá leikskólanum meðal foreldra einu sinni ári. Hafa tillögublað sem hægt er að skila inn nafnlausu ef fólk kýs það.
- Til að upplýsa betur um framfarir og það sem við erum að vinna með í málörvuninni – klára að gera heimsíðuna og setja allar áætlanir inn þar- og halda áfram að hengja þær upp á vegg eins og við gerum. Skerpa á í foreldraviðtölunum þáttinn þar sem farið er yfir niðurstöðurnar úr Efi -2 og Hljóm -2. Fara ákveðnari í að gera einstaklingsáætlanir. Gera ferilmöppurnar sýnilegri, alltaf þegar það eru foreldrakaffi og aðrir viðburðir. Ákveðið var í vor að talmeinafræðingurinn sem er að taka börn í talþjálfun bjóði upp á viðtal og fari yfir framfarirnar hjá sér og niðurstöður úr prófunum.





Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Starfsmenn /Vinnuálag</b>	Skýrar starfslýsingar – starfsmenn viti hvers er ætlast til af þeim.	Allar deildir hafi upp plan A og B. Reyna eftir fremsta megni að halda inni deildarfundu m. Einfalda plön þegar veikindi eru.	Allan veturinn	Leikskólastjóri – aðstoðarleikskól astjóri og deildarstjórar.	Endurmeta hvernig gangi að fara eftir áætlunum og plani reglulega yfir veturinn á deildarfundu m og starfsdögum	Að starfsmenn upplifi minna álag og finni fyrir jafnvægi
<b>Starfaðstæður.</b>	Bæta það sem hægt er að bæta innan hús með nýjum stólum ofl – skipta upp rýmum fyrir sérkennslu og hafa sýnilegt alls staðar	Gera það sem við getum gert til að lagfæra starfsaðstæðu ur og uppfæra nýtingu á rými innan skólans.	September fram í maí.	Leikskólastjóri – stjórnenda teymið innan skólans	Endurmetið inn á deildarfundu m á hverri deild og í starfsmanna könnun sem áætlað er að gera innan leikskólans	Að nýta öll rými betur í skólanum. Og uppfæra þær aðstæður sem er á okkar valdi að uppfæra.



<p><b>Einhverjir f foreldrar upplifðu að þeir hafi lítil áhrif á starfið</b></p>	<p>Að foreldrar upplifi sig að þeir fái að hafa eitthvað að segja um starfið inni í leikskólanum og hlustað sé á raddir þeirra</p>	<p>Senda út spurninga könnun með rafrænum hætti– hægt að fá tillögublað í foreldraviðtali</p>	<p>haust og vor önn</p>	<p>Leikskólastjóri og aðstoðarleikskól astjóri og Deildarstjórar</p>	<p>Sendar rafrænar kannanir til foreldra tvisvar sinnum yfir veturinn. Einnig bjóða foreldrum að skila inn tillögum og hugmyndu myndum skriflega í foreldraviðtölum eða nafnlaust í kassa</p>	<p>Foreldrar séu með í að taka ákvarðanir í starfi leikskólans og upplifi að raddir þeirra fái að njóta sín.</p>
<p><b>Kára heimasíðuna</b></p>	<p>Auglýsa alla viðburði þar líka og hengja upp í leikskólanum.</p>	<p>Klára heimasíðuna og vera dugleg að setja allt inn á hana.</p>	<p>September og í vinnu allan veturinn að setja efni inn</p>	<p>Leikskólastjóri – aðstoðarleikskól astjóri – deildarstjórar og hópstjórar.</p>	<p>Meta í foreldra könnun sem áætlað er að senda út og í spyrja foreldra í foreldraviðtölum.</p>	<p>Bæta upplýsinga flæði – hafa stefnur og áætlanir sýnilegar og aðgengilegar fyrir alla.</p>
<p><b>Foreldraviðtöl</b></p>	<p>Gera foreldraviðtölin markvissari og skerpa á hlutanum um framfarir í þroska og námi</p>	<p>útbúa ný viðtalsblöð – passa upp á að allir fái túlka og hvetja fólk að nýta sér túlkana í viðtölunum.</p>	<p>Hhaust og vor</p>	<p>Leikskólastjóri- aðstoðarleikskól astjóri – sérkennslustjóri og deildarstjórar.</p>	<p>Fagteymið endurmetur – á fagfundum yfir veturinn</p>	<p>Halda foreldrum betur upplýstum og hafa áætlanir sýnilegar.</p>



#### 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- **Starfsþróunarsamtöl**

Allir starfsmenn fóru í starfsþróunarsamtöl í mars og byrjun apríl sem tóku í kringum eina klukkustund. Viðtölin voru boðuð með tveggja vikna fyrirvara og fóru fram á skrifstofu leikskólastjóra . Starfsmenn fengu blöð til þess að undirbúa sig og skráði leikskólastjóri ásamt starfsmanni markmið starfsmanns á sviði starfsþróunar næsta árið. Einnig var rætt hvernig starfsmenn sæju fyrir sér næsta vetur og hvað þeir gætu gert til að halda áfram að þróa sig í starfi..

- **Símenntun frá síðasta ári**

Deildarstjórinn á yngstu deildinni tók þátt í lærdómssamfélagshópnum á vegum MMI.

Einnig fóru deildarstjórar og stjórnendur á leikskólaráðstefnuna í febrúar.

Sérkennslustjórinn fór á ráðstefnuna á vormánuðum hjá Greiningarstöð ríkisins, einnig fór hún á námskeið í notkun á máhljóðamælinum.

- 5.október 2018. Allur dagurinn, sameiginlegur starfsdagur allra leikskólanna í Breiðholti. Fyrir hádegi var vinna við að skipuleggja starfið inni í Ösp -meta haustið. Námskeið með Eddu Björgvinsdóttir um jákvæð samskipti inn á vinnustað við börn og milli starfsfólks– jákvæða sálfræði.
- 19. nóvember 2018. Sameiginlegur starfsdagur með Fellaskóla og Holti. Námskeið í Sérfræði kápunni, kennsluaðferðinni hvernig er hægt að nýta sér leiklist inni í barnahópnum til að virkja frumkvæði og sköpun barna
- 3. Janúar 2019. Sameiginlegur starfsdagur með Fellaskóla og Holti, allur dagurinn. Námskeið frá Þjónustumiðstöð Breiðholts um kvíða ungra barna og birtingamynd hans hjá börnum á leikskólaaldri.
- 15 mars 2019. Námskeið frá KVAN hvernig við vinnum saman sem ein liðsheild og nýtum mannauðinn til að verða framúrskarandi vinnustaður.
- 29. maí 2019. Starfsdagur sameiginlegur með Fellaskóla og Holti 31. maí. Námsferð til Brighton þar sem farið var á námskeið í myndsköpun í anda Reggio Emilia hvernig hægt að vinna í gegnum listsköpum með börn sem hafa fleiri en eitt tungumál, og hvernig börn tala og tjá sig í gegnum myndlist og sköpun – námskeiðið hét **Working**



***with children from different backgrounds*** Einnig fórum við í skólaheimsókn í Reflections nursery, Reggio Emilia skóla.

Seinni daginn í Brighton var farið á útikennslu námskeið í Lucy's little forest school.

Útikennsluaðferð sem byggist á stefnu og hugmyndafræði frá Norðurlöndunum.

## **5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva**

Samstarfsverkefnið Okkar mál; meginmarkmið er að auka samstarf milli Aspar Holts og Fellaskóla. Að nýta tækifæri sem gefst til samstarfs við stofnanir nærsamfélagsins

- Efla foreldrasamstarf í leik-og grunnskóla
- Auka þekkingu kennara og starfsfólks á þeim þáttum sem hafa áhrif á máltöku og læsi allra barna með sérstakri áherslu á börn með annað móðurmál en íslensku.
- Að efla fagleg vinnubrögð og færni kennara í starfi með margbreytilegum barna-og foreldrahóp.
- Að þróa og innleiða fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að jafna tækifæri barna til náms. Einnig að efla samvinnu leik- og grunnskóla, þannig að samfellan verði markvissari á milli skólastiga.
- Að afrakstri verkefnisins verði miðlað á fjölbreyttan hátt til annarra er gagn hafa af.

Hverju skilar það að vera í samstarfi við hverfissskólann í gegnum Okkar mál verkefnið.

- Eykur sjálfstraust barnanna og þau eignast hlutdeild í grunnskólanum.
- Börnin læra á skólaumhverfið og þekkja starfsmenn og reglur skólans.
- Börnin eru öruggari við upphaf grunnskólagöngunnar.

Áætlun vetrarins á haustmánuðum er ein heimsókn 1. bekkjar til leikskólans þar sem börnin fá afhentar söngbækur og fá að leika sér. Þá gefst kennurum Fellaskóla einnig tækifæri til að kynna sér það sem við erum að gera í leikskólunum. Einnig hefur 1. bekkur Hólabrekkuskóla komið í eina heimsókn á haustönn og tvær á vorönn.

- Leikskólabörnin fara í Fellaskóla á degi íslenskrar tungu og taka þátt í hátíðarhöldum.
- Leikskólabörnum boðið á helgileik í desember



- Leikfimitímar á fimmtudögum í vetur í íþróttasal Fellaskóla
- Leikskólabörnum boðið í smiðjur og frístund í apríl
- 5.bekkur Fellaskóla les fyrir börnin í Ösp á vorönn á hinum ýmsu tungumálum
- 1. bekkur frá Hólabrekkuskóla koma í heimsókn að leika í október.



# Tímarammi samstarfsáætlunar 2018-2019

Mánuður	Atburður	Markmið	Ábyrgð - Mat og skráning	Umsjón	Tími
Ágúst	Verkefnastjórn fara yfir tímasetningar og áherslur vetrarins. Starf í sept. undirbúið	Að skipuleggja samstarf vetrarins	OM-verkefnastjórn - Fundargerð	V.STJÓR AR + 1.b. kennarar	17. ágúst kl. 10
September	Deildarstjórn leikskólana velja lög fyrir Dag ísl. tungu.	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum og skipuleggja samstarfið.	- Upplýsingum miðlað til OM-verkefnastjóra	DEILDAR STJÓRAR L	Festa dag með kenn. í ágúst
	Deildarstjórn og 1. bekkjarkennarar skipuleggja heimsókn 1. bekkjar	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum OM-verkefnisins.	OM-verkefnastjórn - Fundargerð	DEILDAR STJ. OG KENN	17. sept. kl. 14:30
Október	1. bekkur heimsækir leikskólana Börnin sækja söngbókina sína og taka þátt í frjálsum leik. Auka söngbækur til ef vantar.	Að nemendur finni samfellu og öryggi við skólaskiptin. Að kennarar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans. Að auka vægi söngs í 1. bekk.	Verkefnastjórn á leikskólunum - Myndefni á vef - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	DEILDAR STJ. OG KENN	
Nóvember	Verkefnastjórn skipuleggja starfið í nóvember	Að skipuleggja samstarfið og fræðslu á starfsdegi	OM-verkefnastjórn - Fundargerð	V.STJÓR AR	
	Heimsóknir milli leikskóla Börnin hittast og syngja saman lög fyrir Dag íslenskrar tungu	Að verðandi skólafélagar kynnist og skapi tengsl	Deildarstjórn HÖ - Myndefni á vef - Deildarstjórn fylla út matsblað	DEILDAR STJÓRAR L	
	Dagur íslenskrar tungu Leikskólabörn af báðum leikskólum syngja saman í athöfn í Fellaskóla	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum betur.	Stjórnendur og deildarstjórn - Myndir á heimasíðu - Umræða verkefnastjóra	V.STJÓR AR	16. nóv.
Desember	Helgileikur Leikskólabörnum boðið á generalprufu á helgileik í skóla og í heimsókn inn í 6. bekk	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum enn betur og finni til öryggis þar.	Verkefnastjórn HÖF - Myndir á heimasíðu - Umræða verkefnastjóra	V.STJÓR AR	
Janúar	Verkefnisstjórn fara yfir skipulag vormisseris og undirbúa starfið í jan. og feb	Að skipuleggja samstarfið	OM-verkefnastjórn - Fundargerð	V.STJÓR AR	
Febrúar	Leikskólabörn koma í smíðjur	Að kynnst húsnæði grunnskólans og starfsemi. Að leikskólabörnin finni öryggi við skólaskiptin. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórn HÖF - Myndum miðlað á heimasíðu HÖF - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	V.STJÓR AR	

	Fundur um niðurstöður námsmats 1. bekkinga	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið	Deildarstjóri yngsta stigs, deildarstjórn leikskóla, leik- og grunnskólastjórn	DEILDAR STJÓRI/ SKÓLAST JÓRI G	
Mars	Verkefnastjórn fara yfir skipulag starfsins í mars	Að skipuleggja samstarfið	OM-verkefnastjórn - Fundargerð	V.STJÓR AR	
Apríl	Leikskólarnir skila grunnupplýsingum um stuðningsbörn v. fristundar.	Að efla upplýsingaflæði milli skólastiga og undirbúa komu leikskólabarna í grunnskólann.	Deildarstjórn á leikskólum, deildarstjóri F, sérkennari og þroskaþjálfari	V.STJÓR AR	
	Verkefnastjórn fara yfir skipulag starfsins í apríl	Að skipuleggja samstarfið	OM-verkefnastjórn - Fundargerð	V.STJÓR AR	
Maí	Verkefnastjórn endurskoða samstarfsáætlun og undirbúa vorskóla	Að skipuleggja samstarfið með áherslu á <u>valið efni</u>	OM-verkefnastjórn - Fundargerð	V.STJÓR AR	
	Lestur í leikskólum Nemendur í 5. bekk lesa á ýmsum tungumálum (Íslenska + móðurmál) í leikskóla	Að miðla góðum fyrirmyndum til yngri barnanna og styðja við virkt tvítvngi	Verkefnastjórn OM - Myndir og kynningarefni - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	V.STJÓR AR	
	3 daga vorskóli og kynning fyrir foreldra Börnum utan hverfis og foreldrum boðið í heimsóknina	Að börnin kynnist fjölbreyttu starfi skólans og finni til öryggis við skólaskiptin. Að verðandi kennarar 1. b. kynnist nem. og þeir hver öðrum. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórn HÖF - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað - Myndir á vef og rýni á fundi OM-vstj.	V.STJÓR AR	
	Útskrift leikskólabarna í hátíðarsal Fellaskóla	Að skapa samfellu milli leik- og grunnskólans. Að miðla upplýsingum til foreldra um skólastarfið og auðvelda þeim og börnunum skólaskilin.	Skólastj., deildarstj. og verkefnastj. HÖF - Myndir og kynningarefni - Rýni á fundi OM-verkefnastjóra	V.STJÓR AR	
	Skilafundur milli leik- og grunnskóla			V.STJÓR AR/DEIL DARSTJÓ RAR L	
Júní	Fundur verkefnastjóra OM um mat á samstarfi	Að meta samstarfið á árinu, horfa til framtíðar og senda út rafrænar kannanir til þátttakenda	OM-verkefnastjórn - Í OM-skýrslu skólaársins	V.STJÓR AR	

Ljósblár	Heimsóknir nemenda í leikskóla
Appelsínugulur	Heimsóknir barna í skóla
Grænn	Samráð starfsmanna

## 6 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er skipað 3 fulltrúum sem hittast tvisvar til þrisvar sinnum á ári með leikskóla og aðstoðarleikskólastjóra. Það er kosið á haustin annað hvert ár á foreldrafundum og stundum þurfum við að teygja okkur aðeins lengra til að ná fólki inn og höfum stundum rætt við foreldra. Foreldraráðið fær starfsáætlunina til yfirlestrar og kemur að ákvörðun sumarlokunar en ekki í sumar þar sem það er opið. Engin föst tímaáætlun er fyrir fundi í foreldraráði en reynt er að halda alltaf að hausti og í nóvember fyrir jóladagskrá og að vori fyrir sumarhátíð. Helstu verkefni foreldraráðsins er að skipuleggja jólaball og dagskrá í desember og sumarhátíð.

Foreldrafundur; foreldrafundur var haldinn að hausti þar sem verkefni talmeinafræðingana var kynnt. Áframhald verður á því í vetur og þar er farið yfir hversu foreldrar eru mikilvægir í máltöku barna sinna og gegna þar lykilhlutverki. Foreldrafundur fyrir nýja foreldra var einnig haldin á haustönn, farið var yfir vetrarstarfið og boðið var uppá fyrirspurnir og umræður. Þessir fundir hafa verið samnýttir til þess að nýta túlkana sem best. Fundurinn verður í september og reynst hefur best að hafa þá strax um morguninn áður en foreldrar fara til vinnu.

· Foreldraviðtöl, fyrsta viðtal er tekið við foreldra þegar barn hefur skólagöngu.

Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri og viðkomandi deildarstjóri sjá um það viðtal.

Foreldrar fá val um heimaviðtal eða viðtal í leikskólanum. Í viðtölunum fá deildarstjórar upplýsingar um barnið og foreldrar fá upplýsingar um leikskólann, starfið og hvernig aðlögun er háttað

Foreldraviðtöl fara fram tvisvar á ári. Eitt á haustönn í október og að vorönn í febrúar/mars. Í viðtölunum er farið yfir hljóm og þau próf sem gerð hafa verið að hausti, einnig er farið yfir líðan barna og hvernig gengur almennt séð í leikskólanum. Í seinna viðtali annarinnar er farið í framfarir hjá börnunum og hvernig gengur í þeim verkefnum sem verið er að vinna í. Einnig hafa talmeinafræðingarnir verið til viðtals á þessum dögum og hægt hefur verið að hitta þá og fá ráð varðandi máltöku ungra barna og upplýsingar varðandi talþjálfunina fyrir



þau börn sem nýta sér hana. Sett er upp skráningarblað fyrir foreldraviðtölin þar sem foreldrar geta skráð sig á þann tíma sem hentar þeim og óskað eftir túlki. Reynt er að verða við öllum óskum um túlka eftir fremsta megni.

Foreldrafélag. Í Ösp er ekki rukkað í foreldrafélag vegna ýmissa ástæðna. En við höfum greitt fyrir þá viðburði sem eru í skólanum, eins og jólaleikrit og piparkökumálningu. Á vorhátíð og jólaballi leggja allir í púkk á Pálínuhlaðborði sem er fullt af kræsingum frá ýmsum þjóðlöndum og vekur alltaf mikla lukku.

### **Hvernig samskiptum við erlenda foreldra er háttað.**

Móttaka og aðlögun. Öllum foreldrum er boðið upp á fyrsta viðtal. Foreldrar fá að velja hvort þeir óska eftir heimaviðtali þar sem við komum til þeirra og hittum fjölskylduna í þeirra umhverfi eða þau koma og hitta okkur í leikskólanum. Erlendum foreldrum er alltaf boðið upp á túlk í fyrsta viðtali. Við notum alltaf pappíra á þeirra móðurmáli ef hægt er, annars þýðum við þá í viðtölunum með túlki eða á ensku.

Í leikskólanum er þátttökuaðlögun. Mjög oft höfum við túlka í aðlöguninni sem styðja við foreldra og börnin á meðan á aðlöguninni stendur. Við höfum stundum tekið t.d pólska foreldra saman í hóp í aðlöguninni til að hafa stuðning af hvort öðru. Við höfum líka haft túlka eftir að þátttökuaðlögun líkur ef börn eru orðin eldri en borið hefur á aðskilnaðarkvíða vegna mismunandi aðstæðna sem börn koma úr.

Upplýsingagjöf á hverri deild er foreldraveggur þar sem allar upplýsingar eru hengdar upp á fyrir deildina og það sem er um að vera hverju sinni. Við vinnum með málörvunarþema og staf í 3 vikur í senn. Alltaf er hengt upp á vegginn þemað sem verið er að vinna með í leikskólanum svo foreldrar geti unnið heima á sínu tungumáli. Á veggnum eru starfsdagarnir hengdir upp fyrir árið, dagskipulag deildarinnar og leikskóladagatalið. Mikil áhersla er einnig lögð á að tala við alla foreldra um daginn og veginn og gefa þeim einnig munnlegar upplýsingar varðandi daglegt starf. Mikil áhersla er lögð á að öllum líði vel og finnist þeir





vera velkomnir í Ösp. Fyrir viðburði og ferðir reynir starfsfólk að ná á flesta foreldra með upplýsingar augliti til auglitis og ganga úr skugga um að upplýsingar séu rétt skildar.

### **Samræður um mál og læsi, nám og þroska, stuðningur við móðurmál og íslensku.**

Undanfarin tvö ár höfum við haft foreldrafundi að hausti með Bryndísi Guðmundsdóttur og Tinnu Sigurðardóttur talmeinafræðingum þar sem farið er yfir málþroska ungra barna og hvað foreldrar gegni mikilvægu hlutverki í málþroskaferli barna sinna. Vel hefur verið mætt á foreldrafundina og eftir fundinn hefur verið hægt að ræða við talmeinafræðingana og leita ráða. Í foreldraviðtölunum er farið yfir það sem verið er að vinna með og sagt frá þeim málþroskaþrófum sem hafa verið gerð og framfarir hjá börnunum og hvar má bæta í. Gegnum gangandi í starfinu er rætt við foreldra um það hversu mikilvægt er að styðja við móðurmálið heima og alltaf hanga uppi þær áætlanir um orðflokka og stafi sem verið er að vinna með. Það er gert til þess að foreldrar geti farið yfir á sínu móðurmáli það sem er verið að vinna með hverju sinni. Foreldrar geta alltaf óskað eftir viðtali fyrir utan tvö föst viðtöl á ári við deildarstjóra barnsins sín eða leiksólustjóra/aðstoðarleikskólustjóra ef áhyggjur kvikna. Einnig hafa talmeinafræðingarnir verið boðnir og búnir að veita viðtöl og ráð. Brúarsmiðirnir hjá Miðju -máls og læsis hafa einnig komi inn og hægt hefur verið að fá að skrá sig í viðtöl og ráðgjöf frá þeim. Tom verkefnið er ráðgjöf inn á heimilin um málörvun og læsi ungra barna. Þjónustumiðstöð Breiðholts og ráðgjöfin heim hafa boðið fjölskyldum að sækja um að fá að taka þátt í verkefninu og óska eftir sex skiptum þar sem talmeinafræðinemar koma inn á heimilið og veita ráðgjöf varðandi málörvun- hvernig er best að lesa fyrir barnið – spila ofl. skemmtilegt sem hægt er að gera saman til að styðja foreldra í því að ala upp börn sem eru að læra fleiri en eitt tungumál á sama tíma. Mikil ánægja hefur verið með þetta á meðal foreldra sem hafa sótt um að taka þátt. Áframhald verður á verkefninu næsta vetur og þá býðst foreldrum að sækja um sem ekki hafa tekið þátt áður en það hefur verið miðað við 4 ára börn.



## 7 skipulagsdagar og leikskóladagatal

20. september 2019. Starfsdagur, allur dagurinn.

4. október 2019. Sameiginlegur skipulagsdagur með Fellaskóla, allur dagurinn.

6. desember 2019. Starfsdagur, allur dagurinn.

3. janúar 2020. Sameiginlegur starfsdagur með Fellaskóla, allur dagurinn.

16. mars 2020. Sameiginlegur starfsdagur með Fellaskóla, allur dagurinn

8. maí 2020. Starfsdagur, allur dagurinn.

Sjá leikskóladagatal í Fylgigögnum

## 8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

8.4 Fylgiskjal 4 - Leikskóladagatal

F. h. leikskólans *Sólveig Þórarinsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
Leikskólinn Ösp \_\_\_\_\_ 15 júlí. \_\_\_\_\_  
Leikskólastjóri Dagsetning



## Fylgiskjal 1

### Samantekt um sérkennslu/stuðning

#### Sérkennsla

Veturinn 2018 -2019 var Anna Metta Norðdahl sérkennslustjóri í leikskólanum Ösp. Hún hafði yfirumsjón með málefnum sérkennslubarna, leiðbeindi starfsfólki í sérkennslu og veitti stuðning í starfi. Í leikskólanum eru 2 börn með stuðning í 1. flokk. (eitt með 8 klst. og annað með 5 klst.). Eitt barn er með stuðning í 2. flokk (3 klst.). Þrír leiðbeinendur sjá um stuðninginn í misjöfnu starfshlutfalli auk sérkennslustjóra. Sem stendur eru þrjú mál til viðbótar í ferli þar sem grunur er um þroskafrávik. Hafa þessi mál verið unnin í samvinnu við foreldra og Þjónustumiðstöð Breiðholts.

#### Málörvun og snemmtæk íhlutun.

- Yfir 80% barna í leikskólanum eru af erlendum uppruna og þurfa markvissa málörvun. Þennan vetur var skólinn í áframhaldandi samstarfi við Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðing og Tröppu ehf. varðandi málörvun og talþjálfun í leikskólanum. Öll börn á tveimur elstu deildunum fóru í málþroskaþróf og fengu í framhaldi af því talþjálfun innan leikskólans ef þörf var á. Auk þess var sett upp áætlun fyrir starfsfólk til að fara eftir og voru skipulagðar málörvunarstundir í hópastarfi á hverjum degi á öllum deildum.
- Sérkennslustjóri skimaði málþroska hjá öllum elstu börnunum með Hljóm-2 matslistanum í nóvember 2018. Hann bjó til málörvunarefni út frá niðurstöðunum sem unnið var með í samverustundum inn á deild. Þegar prófið var lagt aftur fyrir í mars 2019 mátti sjá framfarir hjá flest öllum börnunum og voru niðurstöður kynntar fyrir foreldrum í foreldraviðtölum. Sérkennslustjóri skimaði líka málþroska hjá öllum börnum á 4. ári með Efi-2 matslistanum. Börn með úthlutaðan stuðning njóta auka málörvunar í vinnustundum og sinna starfsmenn í sérkennslu því starfi.
- Þegar grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni fylgist sérkennslustjóri með barninu inn á deild. Að því loknu eru foreldrar boðaðir í viðtal og gerðar viðeigandi ráðstafanir. Sérkennslustjóri fyllir út tilvísanir og skýrslur þar sem óskað er eftir aðkomu sálfræðings



og/eða sérkennsluráðgjafa. Foreldrar fylla út viðeigandi matslista og íslenska þroskalistann ef þarf.

Einstaklingsnámsskrár.

· Sérkennslustjóri ásamt stuðningsaðila hvers barns sér um gerð einstaklingsnámskrár, eftirfylgd og endurskoðun. Sérkennsluráðgjafar frá Þjónustumiðstöð Breiðholts veita aðstoð og ráðgjöf við þá vinnu. Einstaklingsnámsskrár eru unnar út frá AEPS færnilistanum sem fylltur er út af sérkennslustjóra og stuðningsaðila. Stuðningsaðili undir umsjá sérkennslustjóra sér um að vinna úr listanum þær áherslur sem á að vinna með í hverjum þætti fyrir sig. Einstaklingsáætlun er notuð til að gera starfið markvissara með barninu og uppfærast eftir þörfum. AEPS listinn er uppfærður á 6 mánaða fresti.

Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir, fræðsla og ráðgjöf.

· Foreldraviðtöl eru haldin á hverri önn. Ef grunur vaknar um þroskafrávik barns eða aðra erfiðleika situr sérkennslustjóri með í viðtali. Mynduð eru teymi fyrir þau börn sem eru með úthlutaðan stuðning eða þurfa sérstakt utanumhald og teymisfundir eru haldnir reglulega yfir veturinn á 4-6 vikna fresti. Sérkennslustjóri boðar teymisfundi, stýrir þeim og ritar fundargerð. Fundinn sitja allir sem koma að þjónustuteymi barnsins eftir þörfum auk foreldra sem fá ráðgjöf frá sérkennslustjóra. Einnig er sótt ráðgjöf frá hegðunarráðgjafa á þjónustumiðstöð eða annara eftir þörfum.

· Í vetur var haldinn upplýsingafundur fyrir foreldra vegna eineltishegðunar á elstu deild leikskólans. Var það mál unnið í góðu samráði við foreldra viðkomandi barna.

Samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir.

· Við erum í samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts (sálfræðinga, sérkennslu- og hegðunarráðgjafa), Greiningar- og ráðgjafarmiðstöð ríkisins, Æfingastöðina, þjónustumiðstöð blindra og sjón daufra, talmeinafræðinga, heilsugæsluna og aðra sem komu að málefnum barna sem nutu stuðnings. Sérkennslustjóri var í samskiptum við starfsfólk barnaverndar, sendi inn tilkynningar og upplýsingar um eftirfylgd.



Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur.

· Samvinna á milli sérkennslustjóra og starfsmanna var góð þennan vetur. Hann veitti ráðgjöf inn á deildum vegna einstakra barna með stuðning og vegna barna með hegðunarvandamál og kvíða. Hann sinnti fræðslu um hegðunarmótandi leiðir, félagsleg samskipti og læsi. hann leiðbeindi starfsfólki varðandi faglegt starf, gerð dagskipulags og hópastarfs. Einnig veitti hann deildarstjóra ráðgjöf og stuðning í barnaverndarmálum.

· Sérkennslustjóri vann inn á deildum með einstaka börnum sem þurftu stuðning við vissar aðstæður en féllu ekki inn í 1. eða 2. flokk. Hann sá um verkefni á elstu deild í tengslum við samskiptavandamál og eineltishegðun barna. Kynnti vinaverkefnið Blær bangsi fyrir börnunum á elstu deild og vann með þeim vináttuverkefni í listasmiðju. Einnig vann hann þemastarf með elstu börnunum, ljós og skuggar, gerði skráningar og leiðbeindi starfsfólki um gerð persónumappa. Sérkennslustjóri útbjó einnig námsefni í málörvun til að nota inn á deildum í samverustundum og hópastarfi, útbjó félagshæfnisögur, umbunarkerfi og annað efni til að nota með börnunum.

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	2	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	3	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	2	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	3	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já/nei	Er í endurskoðun og uppfæringu
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?		



Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	Farið yfir á deildarfundum og vinnustundir og það sem á að þjálfa er sýnilegt
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?		Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins – þMB. Æfingastöðina, þjónustumiðstöð blindra og sjón daufra, talmeinafræðinga, heilsugæsluna
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

## Niðurstöður innra mats

Eitt af markmiðunum var að vinna með talmeinafræðingunum og hélt það samstarf áfram síðasta vetur og gekk það ljómandi vel. Nú í haust munu þær koma inn á miðvikudögum og vera með í málörvunar hringekju sem starfsfólk tekur þátt í og fylgir sínum hóp á milli stöðva.

Málörvunar stundirnar gengu vel og vinnan með Lubbi finnur málbeinið, gekk vel og Lærum og leikum með hljóðin, var allt samkvæmt áætlun. En það tókst ekki alveg eins vel að festa Sögu grunninn inn í vetur en munum við taka hann inn á hringekjuna í vetur.

Leiklistarverkefnið tókst mjög vel og verður það sett inn í dagskipulagið næsta vetur þar sem starfsfólkið ætlar að stýra þeirri vinnu sjálf.



Tungumál taskan fór ekki heim í vetur af nokkrum ástæðum; það er verið að safna efni í hanna tengt orðflokkinum, verið er að kaupa spil og bækur og finna lög sem passa fyrir hvern orðflokk. Stefnt er að því að klára að kaupa fyrir þær núna á þessu skólaári og við að sér efni – hugmyndir hafa líka verið um að setja spjaldtölvur í töskuna þar sem hægt væri að nota málörvunar og starfræði öpp. Foreldrar geta einnig tekið myndir á spjaldtölvuna og barnið getur sýnt þær í samveru þegar það kemur með töskuna til baka í skólann.

K- palls komst ekki á, enda var verið að vinna eftir orðflokka vinnu og þema vinnu á hverjum degi. Spilin voru mjög vel nýtt og spilastundirnar gegnu vel bæði í málörvun og í valinu.

Spjaldtölvu verkefnið fór inn í smiðjur og ætlum við að halda áfram með það í smiðjum næsta vetur og höfum við sótt um að fóstura tæknikistu frá NýMið og teljum það góða viðbót ef við fáum það inn í Ipad starfið okkar.

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Ipad verkefnið</b>	Setja upp hringekju 2x í viku með ipad með málörvunar öppum og starfræði öppum	Setja markvisst upp hvaða öpp eru notuð og hvað er verið að vinna með í hverri stund	Strax í september 2019 og maí 2020	Deildarstjórar og sérkennslustjóri	Áramót 2019 og vor 2020. Börnin taka þátt í matinu hvað þeim finnst skemmtilega st að vinna með	Sett markvist inn í vinnustundir og leyfa börnunum að gera skráningar eins og Puppet Pals. Orðflokka vinna



Orðflokkar	Halda áfram að vinna í því að setja Sögugrunninn inn í orðflokka vinnuna þar sem það tókst ekki nægilega vel síðasta vetur	Setja hann inn í deildaráætlun.	Strax í september 2019 og maí 2020	Deildarstjórar og sérkennslustjóri og allt starfsfólk á deildunum framkvæma	Jafnt og þétt yfir veturinn á deildarfundum.	Auka orðaforðann og bæta við fjölbreyttari kennsluáferðum og bæta í sköpun
Hljóm -2	Halda áfram að prófa öll börn á elstu deildinni	Unnið áfram með að nýta niðurstöðurnar úr Hljóm -2 inni í samverustundum og málörvun	Strax í september 2019 og maí 2020	Deildarstjórar og sérkennslustjóri og allt starfsfólk á deildunum framkvæma	Jafnt og þétt yfir veturinn á deildarfundum. Meta hvort það verður betri árangur á seinni prófuninni í Hljóm -2	Auka orðaforða og byrjendalæsi inni og styðja betur við undirbúning fyrir skóla.
Efi -2	Halda áfram að prófa öll börn sem náð hafa 3 ára aldri og gera einstaklings áætlun – snemmtæk íhlutun	Prófa þau börn sem eru að flytjast upp á miðdeild og ekki voru prófuð í fyrra.	Byrja strax í haust - vinna sem heldur áfram út allan veturinn.	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Metið jafnt og þétt yfir veturinn	Unnið málörvunar efni út frá niðurstöðunum t.d sem hægt er að nota í samveru – Efi2 lagt aftur fyrir að vor önn og samanburður gerður.





## Fylgiskjal 2

### Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Markviss vinna með daglegan orðaforða fer fram á hverjum degi á öllum deildum. Unnið er eftir áætlunum frá talmeinafræðingnum Bryndísi Guðmundsdóttur. Við vinnum með ákveðinn orðflokk í þrjár vikur í senn og er allt starf miðað út frá þeim orðflokk. t.d. líkaminn minn. Unnið er með orðflokkinn í gegnum bækur, skapandi starf, leikinn og spjaldtölvuvinnu svo eitthvað sé nefnt. Notum meðal annars Lærum og leikum með hljóðin, Lubbi finnur málbein, Tölum saman, Ljáðu mér eyra og ýmiskonar bækur sem hjálpa til við að dýpka orðaforðann enn frekar. Söngvar og ýmiskonar spil eru einnig mikið notuð.

Einnig erum við að vinna þróunarverkefni með spjaldtölvur þar sem áhersla er lögð á málörvun í stafrænum heimi þar sem við vinnum með viðurkennd öpp í málörvun og stærðfræði. Einnig vinnum við með skapandi starf og málörvun í gegnum forrit eins og Puppet Pals þar sem þau skapa sína sögu og leikmynd tengda þeim orðflokkum sem verið er að vinna með.

Til þess að fylgjast með framförum barnanna notum við Hljóm 2, Efi og málþroskapróf frá talmeinafræðingunum og 1. bekkjar læsispróf. Með skráningu í hópastarfi sjáum við einnig framfarir í orðaforða í lengri setningum hjá börnunum. Áhugi foreldra á verkefninu er sýnilegur, mjög vel var mætt á foreldrafund þar sem verkefnið var kynnt. Mikil áhugi kom fram í foreldraviðtölum og töluðu foreldrar um að teljanlegur munur væri á áhuga barna á málörvun. Unnið er að lokaskýrslu um verkefnið þar sem farið er yfir tveggja ára vinnu þar sem tekinn verður saman ávinningur verkefnisins. Verið er að vinna handbók fyrir starfsmenn upp úr verkefninu þar sem sett er fram hvernig unnið er markvisst með málörvun inni í Ösp. Fylgst verður með börnunum upp í grunnskóla þar sem þetta er sameiginlegt langtíma verkefni leik og grunnskóla í Efra –Breiðholti í gegnum Okkar máls verkefnið.

Við teljum að með því að vinna eftir áætlunum frá talmeinafræðingunum séum við að vinna með alla þessa þætti;

o Orðaforði og málskilningur



o Tjáning og frásögn

o Hlustun og hljóðkerfisvitund

o Ritmál

o Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun. Þessir þættir munu einnig skila sér í gegnum áframhaldandi leiklistarverkefni sem við fengum styrk til að halda áfram með næsta vetur þar sem leiklistarverkefnið leggur áherslu á félagsfærni í gegnum leiklist.

### **Hvernig er samskiptum við foreldra háttað?**

o Þegar foreldrar taka við plássi í Ösp er þeim boðið að fá heimaviðtal en þau mega koma í viðtal í skólann sé þess óskað. Við bjóðum alltaf upp á túlk þegar það á við. Í fyrsta viðtali er leitast við að kynnast foreldrum og barninu, gefa og fá upplýsingar. Þáttökuaðlögun er í Ösp þar sem leitast er við að virkja foreldra í aðlögunarferlinu og veita góðar upplýsingar um leikskólann. Á þriðja degi aðlögunar er svo sérstök kynning fyrir nýja foreldra þar sem leikskólinn er kynntur í máli og myndum og notaðir túlkar ef foreldrar óska eftir því.

o Við reynum að mynda gott traust milli foreldra og starfsfólks í upphafi og veitum upplýsingar í gegnum samskiptamiðla, á upplýsingatöflu og augnliti til augnlitis sem er að okkar mati besta aðferðin til að miðla upplýsingum.

o Bjóðum uppá formleg foreldraviðtöl tvisvar sinnum á ári og eftir þörfum. Í formlegu viðtölunum förum við yfir þroskaþætti barnsins og samtal um mál og læsi, nám og þroska á sér stað. Einnig tölum við um mikilvægi móðurmáls fyrir íslenskunám. Alltaf er hægt að fá viðtal við deildastjóra, leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra ef þess er óskað.

o Á hverju hausti er boðið upp á stóran foreldrafund, gefist hefur best að hafa hann í byrjun dagsins. Þar sem farið er yfir áherslur vetrarins, sagt frá þeim verkefnum sem unnið verður með. Við höfum verið þess aðnjótandi að fá styrki undanfarin ár og getað verið með spennandi verkefni í gangi sem við höfum lagt áherslu að kynna og leyfa foreldrum að vera með í frá byrjun.



Síðasta vetur var það fjármagn sem við fengum úthlutað vegna fjölmenningar, nýtt til að greiða fyrir fullt starf sérkennslustjóra. Staða hans er eingöngu 50 % vegna stærðar skólans. Því var sérkennslustjórinn í 100% stöðu við að halda utan um allar beiðnir fyrir talþjálfunina sem fram fóru inni í leikskólanum. Hún var einnig í því að veita ráðgjöf og gera verkefni í málörvun til að vinna inni á deildum – fylgja eftir Hljóm 2 og Efi -2 og styðja við þau börn sem eru á gráu svæði varðandi málproska. Koma inn á deildir með ráðgjöf varðandi málörvunar verkefnið og fylgja eftir þeirri vinnu sem fram fór inn á deildum í samvinnu með talmeinafræðingunum.



Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Í öllu starfi inn í leikskólanum, bæði í skipulögðu starfi og frjálsum leik og starfi.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Já í málörvunarstundum – fundnar eru bækur og söngtextar sem tengjast orðflokkunum. Setja orð á allar athafnir í daglegu starfi og tala út í eitt. Skrá niður hvort talað sé við öll börn á deildinni.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Já með orðflokkavinnunni og þema vinnunni sem unnið er með í 3 vikur inn á deildum. Orðaforði er dýpkaður í gegnum skipulagðan og frjálstan leik í fataklefa, útiveru, samverustundum, sköpun og öllu starfi sem fram fer inni í leikskólanum. Mikilvægt er að tala út í eitt og setja orð á allar athafnir í gegnum daginn.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Já í gegnum skráningar – málþroskaskimanir og einstaklings námskrár.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðaforði og málskilningur</li> <li>• Tjáning og frásögn</li> <li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li> <li>• Ritmál</li> <li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li> </ul>	Já	Kennarar eru vakandi fyrir málþroska barnanna. Unnið er í daglegu starfi með málið. Börnin eru hvött til að tjá sig og segja frá. Málörvunarstundir, verkefnavinna og samverustundir meðal annars er nýttar til að huga að virkni og þátttöku barnanna á leikskólanum.



## Niðurstöður innra mats

Líkt og fram hefur komið er mikil áhersla lögð á orðflokka vinnu og snemmtæka íhlutun eins og talþjálfun inn í leikskólanum. Við teljum það mikilvægt að börn geti tjáð sig og átt samskipti við önnur börn. Við viljum að öll börn fái jöfn tækifæri til náms og þátttöku í samfélaginu. Að því gefnu er mikilvægt að byrja sem fyrst að vinna með tvítyngd börn og bjóða þeim upp á ríkulegt íslenskt málumhverfi og hlúa í leiðinni að móðurmáli þeirra. Þar skiptir vinna með foreldrum miklu máli og að þeir séu meðvitaðir um hversu mikilvægar málfyrirmyndir þeir eru. Þetta hefst með góðri samvinnu leikskóla og foreldra og virðingu fyrir einstaklingnum.

Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



<p>Allir starfsmenn þurfa að vera meðvitaðir um að tala við öll börn á deildinni.</p>	<p>Gera markvissari skráningar hvort talað sé við öll börn á deildinni yfir daginn</p>	<p>Með skipulögðum skráningum – gefðu 10 er góð fyrirmynd að vinnubrögðum.</p>	<p>Haust 2019 og þessi vinna stendur yfir allan veturinn</p>	<p>Sérkennslustjóri - deildarstjórar og allt starfsfólk í leikskólanum.</p>	<p>Jafnt og þétt á deildar fundum á öllum deildum</p>	<p>Grípa sem fyrst inn hjá þeim sem ekki sækjast etir því að vera í samskiptum. Að starfsmenn séu meðvitaðir að öll börn í leikskólanum séu mikilvæg og njóti athygli frá þeim.</p>
<p>Að einstakling áætlunum og skimunum sé betur fylgt eftir</p>	<p>Að reyna að setja börn í hópa sem þurfa að vinna með það sama, nýta skimanir til að para hópa saman. Rifja upp reglulega og skrá hvað sé lært og hvað þurfi að skerpa betur á</p>	<p>Skrá betur og vinna saman. Starfsfólk á deildunum fara yfir börnin og allir þurfa að vera meðvitaðir um einstaklingan a inn í hópnum – hverir taka þátt og hverjir ekki. Hvaða börn draga sig í hlé osfrv.</p>	<p>Haust 2019 og þessi vinna stendur yfir allan veturinn</p>	<p>Sérkennslustjóri - deildarstjórar og allt starfsfólk í leikskólanum.</p>	<p>Jafnt og þétt á deildar fundum á öllum deildum</p>	<p>Vera meðvitaðar um einstaklingin n. Hver og einn fær að njóta sín á sínum forsendum og virkja alla til þátttöku.</p>



**Fylgiskjal 3**

## **Starfsáætlun 2019 – 2020 Leikskólinn Ösp**

### **Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Selma Ruth Iqbal  
Sóley Ómarsdóttir**



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.





## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



## Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð Aspar hefur lesið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2019-2010. Að mati foreldraráðs hefur verið unnið faglegt og metnaðarfullt starf síðastliðið ár í leikskólanum. Í Ösp er lögð mikil áhersla á málörvun. Við erum sérstaklega ánægð með verkefnið sem unnið er í samstarfi með talmeinafræðingunum þar sem markvisst er unnið með málörvun á fjölbreyttan hátt og hún fléttuð inn í allt starf leikskólans. Á veggjum leikskólans er sett upp hvaða stafi/hljóð og orðflokka verið er að vinna með að hverju sinni og því geta foreldrar unnið að því sama heima. Við erum mjög ánægð með að leikskólinn ætli að halda áfram í þessu verkefni.

Rafrænt upplýsingaflæði hefði mátt vera betra. Stefnt var að því að heimasíðan yrði komin í gang en það tókst því miður ekki. Það hefði verið skemmtilegt að fá fleiri fréttir og myndir úr starfinu en búið er að setja það inn í umbótaáætlun. Upplýsingar varðandi viðburði og fleira voru þó vel auglýst með tilkynningum í fataklefum á deildum og starfsfólk lét foreldra vita ef eitthvað sérstakt var að gerast.

Að mati foreldraráðs er starfsáætlunin yfirgripsmikil og vel skipulögð og endurspeglar það fjölbreytta og góða starf sem unnið er í leikskólanum. Tekið er tillit til viðhorfa starfsfólks, barna og foreldra í umbótaáætlunu og ánægjulegt er að sjá börnin í Ösp fá að taka þátt í að meta og hafa áhrif á leikskólastarfið.

Við þökkum fyrir gott samstarf á liðnu skólaári.

20.ágúst 2019

f.h. foreldraráðs

Selma Ruth Iqbal



## Fylgiskjal 4 – Leikskóladagatal

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ					
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	Fulveldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 L	1 S	Verkalýðsdagurinn	1 M	Annar í hvítasunu	1 M	skí á starfsætlun		
2 F	2 M	Aðlögun byrjar	2 M	2 L	2 M	hópastarf jólafrí	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 F		
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 Þ	þjálfing málíng	3 F	starfsdagur	3 M	3 Þ	3 F	páskaeggja leit í garði	3 S	3 M	3 F	
4 S	4 M	4 F	Starfsdagur allur dagurinn	4 M	4 M	þjálfing málíng	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	Vor dagskrá hefst	4 F	4 L	4 L	
5 M	Friðdagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	þjálfing málíng	5 S	5 M	5 F	5 S	Pálmásunnudagur	5 Þ	5 F	5 S	5 S	
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	starfsdagur	6 M	Þrettándinn	6 F	Dagur leikskólans haldið	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 M	
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	Leikskólaráðstefnan	7 F	Dagur stærðfræðinnar	7 L	7 Þ	7 F	7 S	Þjónnadaurinn	7 Þ	7 Þ	
8 F	8 S	Dagur læsis	8 Þ	8 F	Baráttudagur gegn einelli	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	starfsdagur	8 M	8 M	8 M	
9 F	9 M	Foremleg vetrarstarf hefst	9 M	9 L	9 M	9 F	9 F	9 S	9 M	9 F	Skírdagur	9 L	9 Þ	9 F	9 F	
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	Vasaljósdagur	10 M	10 Þ	10 F	Föstudagurinn langi	10 S	10 M	10 F	10 F	10 F	
11 S	11 M	11 F	Námskeiðsdagur leikskóla	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 M	11 F	11 L	11 L	
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S	12 S	Páskadagur	12 Þ	12 F	12 F	12 S	12 S	
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	þjófur kókumæling seint	13 M	Ljós og djugga vika	13 F	13 F	13 M	Annar í páskum	13 M	13 L	13 M	13 M	
14 M	samráð leikskólastjóra	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 Þ	
15 F	15 S	15 Þ	15 F	elstu börn á hátíðardagsk	15 S	15 M	samráð leikskólastjóra	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 M	15 M	
16 F	16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 M	samráð leikskólastjóra	16 L	Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	starfsdagur	16 F	16 L	16 Þ	16 F	
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 F	17 M	17 Þ	Sóri innritunardagurinn	17 F	17 S	17 M	17 F	17 F	
18 S	18 M	Morgun fundur með forek	18 F	18 M	18 M	óláball í leikskólanum og jóla	18 L	18 Þ	18 M	samráð leikskólastjóra	18 L	18 M	18 F	samráð leikskólastjóra	18 L	
19 M	Aðlögun byrjar	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	samráð leikskólastjóra	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 F	19 S	19 S	
20 Þ	20 F	Starfsdagur í Ösp	20 S	20 M	samráð leikskólastjóra	Dagur mannréttinda barna	20 F	20 M	20 F	20 M	20 F	20 M	20 M	samráð leikskólastjóra	20 M	
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ	21 F	Konudagskaffi	21 L	21 F	Barnmenningarhátíð	21 F	Uppstigningardagur	
22 F	Leikskólastjórafundur	Skólasetning grunnskóla	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 S	22 M	22 M	22 F	22 M	
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 M	þorlaksmessa	23 F	Leikskólastjórafundur	23 S	Konudagur	23 M	23 F	Barnmenningarhátíð	23 L	23 F	
24 L	24 Þ	24 F	vetrarleyfi grunnskóla	24 S	24 Þ	Aðfangadagur jóla	24 F	Böndadagur pabbakaffi	24 M	Bolludagur bolu kaffi	24 Þ	24 F	Barnmenningarhátíð	24 S	24 M	
25 S	25 M	25 F	vetrarleyfi grunnskóla	25 M	25 M	Jóladagur	25 L	25 Þ	Sprengidagur - saltkjöt og	25 M	25 L	25 L	Barnmenningarhátíð	25 M	25 F	Leikskólastjórafundur
26 M	26 F	Leikskólastjórafundur	Evrópski tungumáladagurinn	26 L	26 F	Fyrsti vetrardagur	26 Þ	26 F	Annar í jólum	26 S	26 M	Óskudagur ball og húllum	26 F	Leikskólastjórafundur	26 S	Barnmenningarhátíð
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 L	27 M	27 F	Leikskólastjórafundur	27 F	Tæknidagur í leikskólanum	27 M	27 M	27 L	27 M	27 M	
28 M	28 L	28 M	vetrarleyfi grunnskóla	28 F	Leikskólastjórafundur	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	Leikskólastjórafundur	
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	Jólafundur með stjórnend	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 M	29 M	
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 F	30 M	30 M	30 F	Leikskólastjórafundur	30 L	30 Þ	30 F	30 F	
31 L		31 F	Leikskólastjórafundur	31 Þ	Gamliársdagur	31 F	Þorramatur	31 Þ	31 Þ	31 S	Hvítasunnudagur			31 F	31 F	



LÁTUM  
**DRAUMANA**  
RÆTAST